

Ed.

578. Nefndarálit

[194. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 56 27. maí 1975, um breyt. á l. um atvinnuleysis-
tryggingar nr. 57 27. apríl 1973 (fæðingarorlof).

Frá minni hl. heilbrigðis- og trygginganefndar.

Undirritaður er enn sem fyrr þeirrar ákveðnu skoðunar, að svokallað fæðing-
arorlof eigi að falla inn í lög um almannatryggingar, svo sem það fyrst var flutt
í tillöguformi af Bjarnfríði Leósdóttur á árinu 1974. Þar hlýtur að vera þess rétti
staður.

Með lögunum frá 1975 fylgdi ákvæði til bráðabirgða, sem átti í raun að miða að
annarri og réttari skipan þessara mála, svo og átti það að beinast að því að allar
konur í landinu fengju notið þessa réttar.

Að framkvæmd þessa virðist ekki einu sinni hafa verið hugað, og er því vafa-
samt í meira lagi að treysta nú nýju bráðabirgðaákvæði, sem fylgir frv. frá neðri
deild, þó rétt sé að láta aftur reyna á vilja og getu ríkisstjórnarinnar til að tryggja
fullt jafnrétti og eðlilega framkvæmd fæðingarorlofs innan ramma réttra laga.
Það er hins vegar ekki vansalaust, að þessi skerðingarákvæði, sem hér er lagt til
að falli úr gildi varðandi fæðingarorlofið eitt, gildi áfram um giftar konur, sem
njóta eiga atvinnuleysisbóta, ekki síst þegar þar er um atriði að ræða, sem snertir
meginhlutverk sjóðsins.

Í 16. gr. laganna um Atvinnuleysistryggingasjóð, 1. málsgr. g—lið, eru viss
tekjumörk maka enn við líði, sem valda réttindamissi kvenna til atvinnuleysis-
bóta. Þegar hafa borist víða að óskir um niðurfellingu þessa ákvæðis. Það hlýtur
því að teljast skylda Alþingis, að um leið og skerðingarákvæðið er afnumið gagn-
vart fæðingarorlofi, þá verði það numið að fullu úr gildi, svo ekkert slíkt skerði
rétt giftra kvenna til atvinnuleysisbóta. Um það flytur undirritaður breytingar-
tillögu á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 28. apríl 1977.

Helgi F. Seljan.